



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 14. febrúar 2020

USK2019090036

5.15

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrirhugaðar framkvæmdir í samgöngum - R19090128

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

Fyrir dyrum standa umfangsmiklar framkvæmdir í samgöngum. Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvort meirihlutinn hyggist vinna að frekari þrengingum gatna á næstunni svipuðum þeim á Hofsvallagötu og á Grensásvegi. Eins og vitað er hafa þrengingar verið afar umdeildar þar sem þær hafa leitt til enn meiri tafa á umferð. Borgarmeirihlutinn hefur ekki viljað ljá máls á úrlausnum og hefur t.d. vísað frá tillögu um snjallstýringu ljósa. Langar bílalestir sem rétt sniglast áfram eru ekki einungis ökumönnum til ama heldur öllum vegfarendum. Bílum í umferðinni fjölgar eins og nýjustu kannanir sýna. Ekki er endilega víst að borgarlína breyti því en áætlað er að uppbyggingu hennar ljúki um 2030-35. Almenningsamgöngur henta einungis broti af borgarþúum. Tímannna tvenna tekur að komast milli staða enda situr strætó fastur í umferðarteppum um alla borg. Óttast er að komið sé að þolmörkum.

Reykjavíkurborg er aðili að samkomulagi við ríkið um uppbyggingu á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára. Samgöngusáttmálinn svokallaði, áætlun um bætтар samgöngur, var undirritaður af ríki og sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða þeim verkefnum sem unnið verður að í samræmi við sáttmálann verður áfram unnið að framþróun samgangna á grundvelli aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, hjólreiðaáætlunar og loftslagsáætlunar borgarinnar.

Til að þessar áætlanir nái fram að ganga má gera ráð fyrir að rými fyrir umferð einkabíla verði minnkað á einhverjum götum borgarinnar á næstu árum til að koma fyrir bættum innviðum og auka öryggi fyrir almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri